



FÉLAGS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804

postur@fel.stjr.is

www.felagsmalaraduneyti.is

Ásta Sigrún Helgadóttir  
Hraunási 4  
210 Garðabæ

Reykjavík 4. ágúst 2010  
Tilv.: FEL10070083/032-3

Vísað er til erindis yðar, dags. 29. júlí sl., þar sem óskað er eftir skriflegum rökstuðningi fyrir skipan í embætti umboðsmanns skuldara, sbr. lög nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara. Jafnframt er óskað eftir öllum gögnum er varðar skipun í embættið.

**I.**

Embætti umboðsmanns skuldara var auglýst laust til umsóknar hinn 26. júní 2010. Auglýsingin um embættið sem birtist í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og á starfatorgi.is var svohljóðandi:

„Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu og ber hann faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri hennar. Stofnunin starfar samkvæmt nýjum lögum um umboðsmann skuldara. Félags- og tryggingamálaráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn frá og með 1. ágúst nk.

Umboðsmaður skuldara skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar.

Mikilvægt er að viðkomandi búi yfir þekkingu og reynslu sem nýtist við stjórnun embættisins. Áhersla er lögð á leiðtogaþæfni, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð ásamt færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf skulu berast félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eða á netfangið: postur@fel.stjr.is eigi síðar en 12. júlí nk.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um embættið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vinsamlegast athugið að um opinbera embættisveitingu er að ræða og því er ekki hægt að óska nafnleyndar.

Bolli Þór Bollason, ráðuneyttisstjóri, veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 5458100.“

Tíu einstaklingar sóttu um hina auglýstu stöðu en einn umsækjandi dró síðar umsókn sína til baka. Umsækjendur voru eftirtaldir:

Ásta Sigrún Helgadóttir  
Guðmundur Ásgeirsson  
Guðrún Hulda Aðils Eyþórsdóttir  
Guðrún Jóhannsdóttir  
Hallgrímur Þ. Gunnþórsson  
Hólmsteinn A. Brekkan  
Ólöf Dagný Thorarensen  
Runólfur Ágústsson  
Sif Jónsdóttir

## II.

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem starfar samkvæmt lögum nr. 100/2010, um umboðsmanns skuldara. Stofnunin, sem heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra, skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara svo sem nánar er kveðið á um í lögnum. Í 1. gr. laganna segir svo um hlutverk embættisins:

Hlutverk umboðsmanns skuldara er að:

- a. veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar,
- b. hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi,
- c. veita atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluáðlögun,
- d. útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega,
- e. taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds,
- f. gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á,
- g. veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna.

Enn fremur segir í 1. mgr. 2. gr. i.f. laganna að umboðsmaður skuldara skuli hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar. Þá kemur fram í 3. mgr. 2. gr. sömu laga að umboðsmaður stjórnari starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ráði aðra starfsmenn.

Ekki hafa verið lögfestar almennar reglur í íslenskum rétti um það hvaða sjónarmið stjórnvöld eigi að leggja til grundvallar ákvörðun um veitingu opinbers starfs þegar almennum hæfisskilyrðum sleppir. Er almennt talið að meginreglan sé því sú að viðkomandi stjórnvald ákveði á hvaða sjónarmiðum það byggir slíka ákvörðun að teknu tilliti til þeirra hæfisskilyrða sem mælt hefur verið fyrir í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Í samræmi við ólögfesta meginreglu stjórnvaldsráðgjafarinnar þurfa þau sjónarmið sem ákvörðun um skipun byggist á að vera málefnaleg, svo sem sjónarmið um menntun, starfsreynslu, hæfni, mannleg samskipti, hæfileika til stjórnunar ef um stjórnunarstarf er að ræða, viðhorf til starfsins og eftir atvikum aðra persónulega eiginleika sem viðkomandi stjórnvald telur máli skipta. Skal þess enn fremur gætt að þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda séu í samræmi við það sem fram kemur í auglýsingu um starfið. Jafnframt er ljóst að leitast skal við að velja þann umsækjanda sem hæfastur verður talinn til að gegna starfinu í ljósi málefnalegra viðmiða. Í sumum tilvikum er unnt að byggja mat á skriflegum gögnum á borð við umsókn og ferilskrá. Ferilskrá hefur hins vegar takmarkað forspárgildi þegar meta á hæfni, stjórnunarhætti og viðhorf til starfs, enda segir hún fyrst og fremst til um frammistöðu umsækjanda í fyrri störfum en minna um það með hvaða hætti hann nálgast það viðfangsefni sem fyrir höndum er. Í þessu felst að ákvörðun um ráðningu verður ávallt að einhverju leyti að byggjast á rökstuddu mati á þeim málefnalegu en huglægu viðmiðum sem beitt er við mat á umsækjendum út frá þeim markmiðum sem sett eru í upphafi.

Við val á hæfasta umsækjandanum verður því að fara fram heildstæður samanburður milli allra

umsækjenda og þannig velja þann hæfasta úr hópnum þar sem megináhersla skal lögð á þau atriði sem geta varpað ljósi á væntanlega frammistöðu í starfi.

### III.

Umboðsmaður skuldara er nýtt embætti sem er ætlað að fylgja eftir umfangsmikilli og margþættri löggjöf sem er ætlað að styrkja stöðu skuldara og greiða úr sérstökum skuldavanda sem risið hefur á síðustu misserum. Alþingi og önnur stjórnvöld leggja á það sérstaka áherslu að embættið fylgi þessum réttargrundvelli eftir til hagsbóta fyrir skuldara. Í ljósi þessa þykir þýðingarmikið að sá sem gegnir embættinu hafi framtíðarsýn fyrir mótunartíma embættisins sem og eljusemi og dug til að leggja sig fram fyrir það.

Sá sem skipaður er í embætti umboðsmanns skuldara verður að hafa til að bera þá hæfni og eiginleika sem nauðsynlegir eru við stjórnun stofnunarinnar. Að mati ráðuneytisins þykir mikilvægt að til starfans veljist einstaklingur sem hefur viðtæka þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar og hafi þannig innsýn inn í flesta þætti starfseminnar. Jafnframt er mikilvægt að viðkomandi hafi farsæla stjórnunarreynslu. Í því felst reynsla af stjórnun verkefna, stofnana eða fyrirtækja sem felur í sér getu til að hafa með höndum góða verkstjórn og getu til að skipta verkum með starfsmönnum. Þá þykir mikilvægt að umboðsmaður skuldara hafi góða yfirsýn þar sem verkefni hans eru margþætt lögum samkvæmt.

Ráðuneytið fól ráðningarfyrirtækinu Strá að vinna úr umsóknum með ráðuneytinu. Eftir að farið var vandlega yfir allar umsóknir og feril og störf umsækjenda með sérstöku tilliti til þeirra atriða og krafna sem tilgreindar voru í auglýsingu um embættið og koma fram í lögum um embættið var það niðurstaða starfsmanna ráðuneytisins að tveir umsækjendur uppfylltu þau hæfisskilyrði sem sett voru fyrir embættinu. Þessir tveir umsækjendur voru boðaðir í viðtal í ráðuneytið og voruð þér annar þeirra.

Ákveðið var að leggja eftirfarandi sjónarmið til grundvallar við mat á umsækjendunum tveimur sem kallaðir voru í viðtal:

Fagmenntun á háskólastigi.

Marktæka þekkingu og reynslu sem nýtist í starfi.

Leiðtogahæfni, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð.

Hæfni í mannlegum samskiptum.

Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Ráðherra sat sjálfur viðtölin ásamt aðstoðarmanni ráðherra, ráðuneytisstjóra og framkvæmdastjóra ráðningarfyrirtækisins en viðtölin fóru fram 20. júlí 2010. Í kjölfar viðtalanna vann framkvæmdastjóri ráðningarfyrirtækisins ítarlegt hæfnismat á hvorum umsækjenda fyrir sig, sbr. fylgiskjal I., en þar var Runólfur Ágústsson metinn hæfari umsækjandi. Þar var tekið mið af því hvort umsækjendur uppfylltu skilyrði sem fram komu í auglýsingu, hvort umsækjendur hefðu marktæka þekkingu og reynslu sem nýtist í starfi, leiðtogahæfni, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð, hæfni í mannlegum samskiptum og til að tjá sig í ræðu og riti. Þá var litið til frammistöðu í viðtali og umsagna.

#### IV.

Runólfur Ágústsson er með embættispróf í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands og hefur réttindi til málfutnings fyrir héraðsdómi. Á árunum 1992 til 1998 starfaði hann sem fulltrúi sýslumannsins í Borgarnesi og annaðist hann meðal annars þinglýsingar, aðfarargerðir og nauðungarsölur auk þess sem hann sinnti málfutningi í opinberum málum fyrir hönd embættisins. Runólfur gegndi stöðu aðstoðarrektors við Samvinnuháskólann á Bifröst (síðar Viðskiptaháskólann á Bifröst og nú Háskólann á Bifröst) frá árinu 1998 til ársins 1999 en þá var hann ráðinn sem rektor skólans. Runólfur gegndi stöðu rektors til ársins 2006. Við stofnun Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, á árinu 2007 var Runólfur ráðinn framkvæmdastjóri félagsins en hann hafði leitt undirbúning að stofnun þess félags frá árslokum 2006. Gegndi hann því starfi til ársins 2009 en þá var hann skipaður formaður stjórnar Vinnumálastofnunar. Í ársbyrjun 2010 var Runólfur jafnframt skipaður formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Runólfur Ágústsson var talinn best til þess fallinn að gegna embættinu og ákvað ráðherra því að skipa hann til að gegna því. Réðu sérstaklega eftirfarandi sjónarmið úrslitum við ákvörðun hans:

- Mjög góð leiðtogaþæfni sem hefur komið fram í fyrri störfum hans sem aðstoðarrektor og síðar rektor sem verða að teljast mikilvægir kostir við uppbyggingu embættis sem umboðsmaður skuldara er. Í starfi sínu sem rektor Samvinnuháskólans á Bifröst leiddi Runólfur mikið uppbyggingarstarf í skólanum sem fólst meðal annars í fjölgun nemenda, uppbyggingu á námi auk þess sem rannsóknir voru auknar. Þá leiddi Runólfur undirbúning að stofnun Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, og undir stjórn hans byggði Keilir upp háskóla- og þekkingarsamfélag á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Var fimm ára markmiðum Keilis um íbúafjölda, námsframboð og tekjur þegar náð í árslok 2008.
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð um leið og hann hefur sýnt mikla áráðni og frumkvæði í fyrri störfum. Sem formaður stjórnar Vinnumálastofnunar og síðar formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs leiddi Runólfur meðal annars sérstakt átak gegn atvinnuleysi ungs fólks þar sem tæplega þrjú þúsund ungir atvinnuleitendur hafa fengið úrræði við hæfi það sem af er þessu ári. Þá vann hann einnig með forstjóra og helstu stjórnendum að bættari þjónustu við atvinnuleitendur auk þess sem hann vann með yfirmanni stjórnarsýslusviðs stofnunarinnar og lögfræðingum félags- og tryggingamálaráðuneytisins að lagabreytingum á sviði stofnunarinnar með frumvarpsgerð og samskiptum við löggjafarvaldið.
- Fjölbætt starfsreynsla, meðal annars á sviði stjórnunar og á sviðum er tengjast starfsemi embættisins. Er þar einkum vísað til þeirrar starfsreynslu sem hann hefur sem fyrrum rektor og fulltrúi sýslumanns þar sem hann annaðist meðal annars fjárnám, nauðungarsölur og aðrar fullnustugerðir. Sem fulltrúi sýslumanns hafði Runólfur einnig frumkvæði í að setja hámark á innheimtukostnað lögmannna og skrifaði meðal annars blaðagreinar um réttindi skuldara í þessu efni.
- Góð meðmæli og umsagnir sem styðja það sem fram hefur komið hér að framan. Í þeim kemur meðal annars fram að Runólfur sé hugmyndaþekkur, sjálfstæður í starfi auk þess sem hann sé duglegur og drífandi. Jafnframt sé hann fljótur að sjá nýjar lausnir og leiðir til að færa hlutina í betra horf. Þá kemur fram að Runólfur hafi frumkvæði, sé mikill leiðtogi og vel til forystu fallinn.
- Góð frammistaða í starfsviðtali þar sem Runólfur setti fram sýn sína á embættið með skýrum hætti. Hann kom meðal annars fram með hugmyndir að uppbyggingu innra skipulags embættisins og hvernig haganlegast væri að vinna verkferla þannig að þeir væru sem stystir í þeim tilgangi að mál taki sem skemmstan tíma. Jafnframt lagði Runólfur áherslu á að hefja þyrfti kynningarherferð í þeim tilgangi að skapa jákvæða ímynd embættisins og upplýsa fólk um réttindi sín. Í viðtalinu kom jafnframt fram mikill áhugi Runólfs að gegna embættinu og löngun til að taka þeim áskorunum sem því fylgja.
- Niðurstaða sjálfstæðs hæfnismats ráðningarskrifstofunnar þar sem Runólfur var talinn

hæfari til að gegna embættinu.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið var það niðurstaða ráðherra að Runólfur Ágústsson hafi verið hæfasti umsækjandinn í embætti umboðsmanns skuldara.

Fyrir hönd ráðherra

Bolli Þór Bollason

Hanna María Þórhallsdóttir